

2338. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 20. nóvember 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason

Á Teams:

Heimir Fannar Gunnlaugsson
Tinna Hrund Hlynisdóttir
Þorkell Máni Pétursson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri
Axel Kári Vignisson lögfræðingur
Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
 - a. Lagðar fram fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfunda (fundir nr. 2336 og 2337). Fundargerðirnar hafa þegar verið undirritaðar rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF.
 - a. Lagðar fram tvær síðustu fundargerðir mótanefndar (frá 15. október og 19. nóvember) þar sem m.a. var fjallað um mótin 2026 og undirbúning þeirra móta. Einnig lagðar fram þrjár fundargerðir fjárhagsnefndar (frá 16. október, 30. október og 7. nóvember), þar sem m.a. var fjallað um áætlanagerð og þátttökugjöld í mót á vegum KSÍ, fundargerð dómaranefndar frá 4. nóvember, þar sem m.a. var fjallað um þjálfun dómara og undirbúning ársins 2026, og fundargerð frá fundi fulltrúa KSÍ og ÍTF 15. október þar sem m.a. var fjallað um þátttökugjöld og dómarakostnað.
 - b. Heimir Fannar Gunnlaugsson formaður ÍTF flutti fréttir af vettvangi samtakanna og ræddi meðal annars um lok mótanna 2025 og gat þess að fjallað hafi verið um mótamál komandi árs innan samtakanna. ÍTF er nú orðið hluti af World Leagues Association (WLA), sem er alþjóðasamband deildarsamtaka og tengdra hagsmunaaðila, með sama hætti og European Leagues (EL) eru fyrir Evrópu. Töluverð vinna hefur farið fram á vettvangi ÍTF í tengslum við áætlanagerð, og undirbúning fyrir fund formanna og framkvæmdastjóra aðildarfélaga KSÍ sem er 29. nóvember næstkomandi.
3. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra / skrifstofu.
 - a. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fór yfir skipulagsbreytingar á skrifstofu KSÍ, m.a. breytingar á starfsmannahópi, og þakkaði hann Stefáni Sveini Gunnarssyni fráfarandi markaðsstjóra fyrir hans störf. Hluti af skipulagsbreytingum er sameining markaðssviðs og samskiptadeildar. Nýr starfsmaður, Ingi Rafn Ingibergsson, hefur störf í dómaramálum á innanlandssviði 1. desember næstkomandi, og Magnús Már Jónsson fráfarandi dómarastrjóri hættir störfum um áramót. Af öðrum málum má nefna ánægju með styrktarþjálfun dómara, innleiðing á COMET mótakerfinu er í fullum gangi,

viðræður eru í gangi við samstarfsaðila þar sem nokkrir samningar eru að renna út og unnið er að endurnýjun. Deildarfundir með félögum gengu mjög vel, framundan er árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra (29. nóvember) og er undirbúningur langt kominn þar sem m.a. verður gestur frá UEFA með erindi - ætlunin er að tvískipta fundinum eins og áður og bjóða áhugasömum (fjölmíðlum og öðrum) að sitja opna kynningu fyrri part dags. Þá kom Eysteinn inn á samskipti við Reykjavíkurborg, m.a. vegna skólaþorpsins sem er að rísa á bílastæðinu við Laugardalsvöll. Um komandi helgi fer fram á Akranesi fundur formanna og framkvæmdastjóraaðildarsambanda ÍSÍ. Einnig framundan er fundur formanna knattspyrnusambanda Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna þriggja og verður Þorvaldur Örlygsson formaður fulltrúi KSÍ þar. Helga Helgadóttir varaformaður situr í nefnd UEFA um kvennaknattspyrnu og sat hún fund þeirrar nefndar sem haldinn var nýlega. Loks greindi Eysteinn frá því að vinna við næstu stefnumótun KSÍ er þegar farin af stað - núverandi stefnumótun gildir fyrir árin 2023-2026, en vinnan sem er hafin miðast við þá stefnumótun sem tekur við og mun gilda fyrir árin 2027-2030.

Helga Helgadóttir sagði stuttlega frá fyrrgreindum fundi í nefnd UEFA um kvennaknattspyrnu, þar sem var m.a. rætt um EM í Sviss frá í sumar, næsta EM kvennalandsliða og loks Evrópukeppnir félagsliða kvenna og þróun yngri landsliða. Helga sagði frá því að fram hefði komið á fundinum að Ísland sé með gott og jákvætt orðspor í Evrópu varðandi jafnréttismál kynjanna. Þá kom einnig fram að til umræðu er innan UEFA hvort taka eigi það upp sem skyldu að félög sem taka þátt í Evrópumótum félagsliða séu með þjálfara með UEFA Pro gráðu.

4. Fjármál.

- a. Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ fór yfir 9 mánaða uppgjör sambandsins. Reksturinn er á ætlun.
- b. Ingi Sigurðsson varaformaður fór stuttlega yfir undirbúning þátttökugjalda og ferða- og uppihaldskostnaðar dómara fyrir árið 2026. Virkt og gott samtal um þessi mál er á milli KSÍ og ÍTF. Boðað hefur verið til aukafundar í stjórn KSÍ í næstu viku til að fjalla um þær tillögur sem fjárhagsnefnd leggur til að unnið verði eftir. Sú leið sem lögð er til tekur að stóru leyti mið af tillögum ÍTF og vonast er eftir farsælli niðurstöðu. Staðan verður endurmetin af KSÍ og ÍTF á seinni hluta árs 2026 og framhaldið fyrir árin þar á eftir ákveðið. Ljóst er að þátttökugjöld í öllum deildum munu hækka - í skrefum - í samræmi við þá áætlun sem lögð verður til. Heimir Fannar formaður ÍTF tók undir með Inga varðandi gott og virkt samtal og samstarf milli KSÍ og ÍTF. Halldór Breiðfjörð nefndi að samningar við dómara séu að renna út á árinu 2026 og nefndi að mikilvægt væri að hefja samtal við fulltrúa dómarahópsins strax í upphafi þess árs.

5. Lög og reglugerðir

- a. Axel Kári Vignisson lögfræðingur KSÍ fór yfir sérákvæði um kvenleikmenn í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga, stöðu leikmanna og félaga - skylduákvæði frá FIFA sem átti eftir að taka upp hér á landi og á að taka upp án breytinga. *Stjórn KSÍ samþykkti breytingarnar.*
- b. Axel fór einnig yfir nokkrar breytingar á leyfisreglugerð KSÍ sem eru gerðar til samræmis við breytingar á leyfisreglugerð UEFA. *Stjórn KSÍ samþykkti breytingarnar.*
- c. Þá fór Axel yfir breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót varðandi ferða- og uppihaldskostnað dómara. Um er að ræða breytingu sem endurspeglar raunverulega framkvæmd gjaldsins. *Stjórn KSÍ samþykkti breytingarnar.*

- d. Axel lagði fram tillögu að félagaskiptagluggum ársins 2026 - tillögu sem er sett upp eftir mikið samráð, m.a. eftir fundi með öllum deildum meistaraflokka. *Ákveðið að óska eftir umsögnum félaga um tillögurnar og taka til afgreiðslu á næsta stjórnarfund.*
- e. Axel og Eysteinn framkvæmdastjóri sátu samráðsfundi með fulltrúum Reykjavíkurborgar þar sem ræddar voru tillögur að breytingum á reglum um áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum / á íþróttaviðburðum. Tillögurnar miða við að heimilt sé að selja áfengar veitingar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
- f. Axel kynnti tillögu um sektarákvæði vegna þjálfara sem hafa ekki þjálfararéttindi í samræmi við reglugerð KSÍ - UEFA Pro gráðu í efstu deildum karla og kvenna. Fyrri stjórn hafði samþykkt á sínum tíma að fresta gildistöku ákvæðisins til keppnistímabilsins 2026.
- g. Eysteinn kom inn á skipan vinnuhóps um verkaskiptingu stjórnar, formanns, varaformanns og framkvæmdastjóra og lagði til að Gísli Gíslason yrði skipaður formaður hópsins og honum falið að koma með tillögur til stjórnar um mönnun og verklag hópsins. *Stjórn samþykkti tillöguna.*
- h. Eysteinn lagði til að skipaður yrði vinnuhópur sem hefði það hlutverk að undirbúa umfjöllun á málþingi fyrir komandi ársþing KSÍ, safna gögnum og upplýsingum, þar sem ætlunin er að fjalla vel og ítarlega um ferðakostnað liða. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela framkvæmdastjóra að skipa vinnuhópinn.*

6. Laugardalsvöllur

- a. Eysteinn fór yfir stöðu mála í viðræðum við Reykjavíkurborg varðandi nýjan rekstrar- og þjónustusamning um Laugardalsvöll. Rekstrarkostnaður leikvangsins er að aukast og núverandi samningur er ekki hagkvæmur fyrir KSÍ. Samtal við Reykjavíkurborg er í gangi og þokast.

7. Móta- og dómaramál.

- a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir ýmis mótamál. Verið er að skoða leikjadagsetningar, sérstaklega við upphaf mótanna 2026, og samspil móta eins og Bestu deildar og Mjólkurbikars. Mótanefnd hefur ekki tekið ákvörðun og unnið verður áfram að niðurstöðu með samtali við hagsmunaaðila, félög og aðra. Varavallarmál eru alltaf til umræðu, sér í lagi varðandi efstu deildir, en reglugerðin er óbreytt. Stjórnarmenn tóku nokkrir til máls um vallarmál og þá sérstaklega um varavelli félaga í efstu deild. Málið hefur verið rætt reglulega og í þaula innan ÍTF.
- b. Halldór Breiðfjörð dómaranefndarmaður fór yfir dómaramál. Undirbúningur næsta árs er þegar hafinn, m.a. verður haldin landsdómararáðstefna í höfuðstöðvum KSÍ 22. nóvember. Ánægja er með þrekþjálfun dómara og með þjálfun dómara heilt yfir. Halldór nefndi að mikilvægt sé að halda áfram að horfa til framtíðar og vinna markvisst með ungum og efnilegum dómurum.

8. Landsliðsmál - Málefni landsliða og næstu verkefni

- a. Þorvaldur Örlýgsson formaður fór yfir ýmis landsliðsmál. A kvenna lék tvo leiki við N-Írland í umspili um sæti í Þjóðadeild A, vann þar sigur og hélt sæti sínu á meðal þeirra bestu. A karla lék tvo síðustu leiki sína í undankeppni HM 2026, vann sigur á Aserbaísjan í Bakú og lauk undankeppninni á svekkjandi tapi gegn Úkraínu í Varsjá. Með þeim úrslitum varð ljóst að íslenska liðið kæmist ekki í umspil um sæti í lokakeppni HM. Þorvaldur fór einnig yfir nýleg og komandi verkefni yngri landsliða, og stiklaði einnig á stóru um landsliðsverkefni ársins 2026.

9. Önnur mál.

- a. Eysteinn Pétur framkvæmdastjóri fór yfir skipulagsbreytingar á skrifstofu KSÍ sem fela m.a. í sér sameiningu sviða/deilda (sjá einnig hér framar). Þorvaldur formaður tók til máls og lagði áherslu á að ávallt sé horft til hagkvæmni í skipulagi og rekstri KSÍ og að það eigi að velta við öllum steinum í þeim málum. Stjórnarmenn töldu breytingarnar jákvæðar og nefndu að í öllum breytingum felist tækifæri, það væri gott að sjá að KSÍ væri ófeimið við að hreyfa við hlutunum. Margir stjórnarmenn tóku til máls og ræddu ýmsa fleti á skipulagsmálum KSÍ almennt.

Fundi slitið kl. 18:33.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundir boðaðir 10. desember og 8. janúar.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson